

Tröll í Borg

■ Í Gallerí Borg stendur nú yfir sýning á myndum sem Brian Pilkington gerði fyrir bók hans og Práins Bertelssonar „Hundrað ára afmæli“ og gefin er út af Nýju lífi.

Á sýningunni eru yfir 30 vatnslitamyndir úr fyrrnefndri barnabók og eru þær allar til sölu í galleríinu, en þetta er í fyrsta sinn sem bóarskreytingar Brians eru seldar og sýndar hér, en hann hefur myndskreytt fjölda bóka, m.a. bækur Guðrúnar Helgadóttur, rith. og alp.


Peir Práinn og Brian árita bók sína í Gallerí Borg milli

klukkan 14.00-16.00 á laugar- dag.

Jól í Borg

Opnuð hefur verið sýning í Gallerí Borg, sem ber yfirskriftina „Jól í Borg.“

Þar ber að líta og er á boðstólum það nýjasta af íslenski grafík og vatnslitamyndum, einnig olíumálverk eftir yngri sem eldri íslenska myndlistarmenn. Auk þess er þar að fá og sjá taubrykk, vefnað, gler, keramikhluti og keramikmyndir og bækur um íslenska myndlist og myndlistarmenn.




■ Brian Pilkington meðal mynda sinna.

Geoffrey Hendricks opnar sýningu á verkum sínum

■ Í dag, föstud. 14. des., opnar bandaríski listamaðurinn Geoffrey Hendricks sýningu í Nýlistasafninu Vatnsstíg 3 b. Sýningin er sú síðasta í röð sýninga sem listamaðurinn hefur haldið á þessu ári víðs vegar um Evrópu. Sýningunni lýkur á vetrarsólvörfum, föstudaginn 21. des. með gjörningi, sem hefst kl. 20.30.

Geoffrey Hendricks er fæddur í Littleton, New Hampshire, 1931. Hann býr og starfar í New York, en undanfarið ár hefur hann dvalist í Berlín á svokölluðum D.A.A.D.-styrk. Hendricks hefur haldið fjölda einkasý-



■ Verk eftir Geoffrey Hendricks: Forest Bed.

inga frá 1966 og tekið þátt í ótal mörgum samsýningum. Hann hefur einnig flutt ótal gjörninga. Frá 1956 hefur hann kennt við Rutgers University í New Jersey. Verk eftir Hendricks eru í eigu margra þekktra safna, meðal annarra Museum of Modern Art í New York.

Myndlistarsýning 5 listamanna

á Kjarvalsstöðum – síðasta sýningarhelgi

■ Undanfarnar tvær vikur hefur staðið yfir í austursal



Sýning Valgarðs í Alþýðubankanum

■ Í Alþýðubankanum stendur nú yfir kynning á verkum eftir Valgarð Stefánsson, rithöfund og listmálara. Þetta er þriðja einkasýning Valgarðs, en hann hefur einnig tekið þátt í fjölmörgum samsýningum. Það eru Menningarsamtök Norðlendinga sem standa að kynningunni.

Kjarvalsstaða myndlistarsýning fimm listamanna sem ber yfirskriftina Academian '84. Þeir sem sýna eru:

Steingrímur Þorvaldsson, sem er með málverk unnin á striga og útsagaðar tréplötur. Öll verkin voru gerð í Svíþjóð á þessu ári, þar sem hann hefur verið við nám í Listaháskólanum í Stokkhólmi síðast liðin tvö ár.

Magnús V. Guðlaugsson sýnir nokkrar „málaðar skissur“ í stærra lagi, allt unnið á þessu ári. Þessi verk voru á einkasýningu hans í Middelburg í Hollandi í mars á þessu ári, en þar sýndi hann í boði „De Vleeshal“ safnsins.

Stefán A. Valdimarsson sýnir stór málverk gerð á þessu ári bæði á Íslandi og í Hollandi, þar sem hann stundar nú nám í Jan Van Eyck Academie í Maastricht.



■ Steingrímur, Pétur, Stefán, Magnús og Ómar (talið f.v.)

Ómar Skúlason, en hann sýndi síðast í Listmunahúsinu fyrir hálfum mánuði, þar sem myndir hans hlutu misjafna

dóma gagnrýnenda. **Pétur Stefánsson** sýnir blýantsteikningar, en Pétur hefur verið kallaður fyrsti „pönk-

málarinn“ á Íslandi.

Sýningunni lýkur næstkomandi sunnudag, 16. des. kl. 22.00.

Fyrri jólamynd Laugarásbiós 1984: Tölvuleikur

■ Fyrri jólamynd Laugarásbiós 1984 heitir Tölvuleikur. Hún segir frá ungum pilti, sem verður svo heltekinn af því að spila tölvuleiki, að það reynist honum erfitt að gera greinarmun á raunveruleikanum og leikjunum. Með aðalhlutverk í myndinni fara þeir Henry Thomas, sem gat sér frægð í kvikmyndinni E.T. sem Elliot. Einnig lék hann son Sissy Spach í „Raggedy Man“. Faðir hans og vin úr tölvuleikjunum leikur Dabney Coleman, og má muna eftir honum úr „Tootsie“, „Nine to Five“ og „War games“.

Upplestur á Hótel Loftleiðum

■ Á sunnudag 16. des. kl. 16.00 verður upplestur nokkurra höfunda í Rástefnusál Hótel Loftleiða á vegum Höfundamiðstöðvar Rit- höfundasambandsins í samvinnu við nokkra útfendur.

Átta höfundar lásu úr verkum sínum á fimmtudagskvöldið, en níu koma fram á sunnudaginn og lesa úr frumsömdum bókum og þýddum, nýútkomnum.

Á sunnudag kl. 16.00 lesa þessir höfundar: Arni Bergmann, Frída A. Sigurðardóttir, Jón Óskar, Lilja K. Möller, Njörður P. Njardvík, Pétur Eggerz, Sveinn Einarsson, Þorsteinn frá Hamri og Þórarinn Eldjárn. Kynnir verður Sigurður Þalsson.

Áformað er að gera upplestur höfunda úr nýjum bókum sínum og gömlum að mánaðarlegum viðburði í vetur.

Jólatréssala í Mosfellssveit

■ Kiwanisklúbburinn Geysir Mosfellssveit heldur hina árlega jólatréssölu helgina 14.-16. desember í glerverksmiðjunni við Reykjaveg, gegnt fuglasláturhúsinu Ísfugli.

Það verður selt – auk jólatrjáa – greinar, jólapappír og jólakort. Jólatréin verða flutt heim endurgjaldslaut fyrir þá Mosfellinga, sem þess óska, greiðslukort gilda.

Allur ágóði rennur til kaupna á endurhæfingartækjum fyrir Reykjaland.

Gúmmígleði

■ Gúmmívinnustofan hf býður til Gúmmí gleði, að Réttarhálsi 2 n.k. laugardag og sunnudag klukkan 13.00-19.00.

Tilfnið er að Gúmmívinnustofan hf flutti fyrir einu ári, hluta starfsemi sinnar úr Skipholti 35 í 3000 ferm. húsnæði að Réttarhálsi 2.

Um helgina gefst almenningur kostur á að kynna sér starfsemi fyrirtækisins sem, auk allhliða hjólabarðþjónustu, felst í framleiðslu sólaðra hjólabarda með fullkomnu tækjum sem völ er á.

Gestum verður boðið upp á veitingar, kökur, gos og kaffi á meðan þeir staldra við.

Þá hefur Gúmmívinnustofan hf boðið myndlistarmanninum Tolla (Þorláki Kristinssyni) að sýna olíumálverk í húsnæði fyrirtækisins. Tolla lauk námi frá MHI 1983 og hefur síðan stundað nám í V-Berlín.

Hér gefst tækifæri til að njóta listar, léttar veitinga og fylgjast með framleiðslu íslensks iðnvarnings í hæsta gæðaflokki.

Kvikmyndaklúbburinn Norðurljós

■ Sunnudaginn 16. des. kl. 19.00 (ath. breyttan sýningartíma) sýnir Kvikmyndaklúbburinn Norðurljós danska sakamálagamanmynd: **Kassinn stemmir**. Leiktjóri er Ebbe Laggberg, en myndin er framleidd í Danmörku 1976.

Leikarar eru: Buster Larsen, Axel Ströby, Jess Ingerslev, Morten Grundwald o.fl.

Aðgangskort og miðar á sýninguna eru við innganginn í Norræna húsinu.

Myndin segir frá þremur broddborgurum frá Arósum, sem eru að undirbúa mikið svindl, en svo koma aðrir þrjú snjallir ungir menn með krók á móti bragði.

Þegar kvikmyndin var frumsýnd í Danmörku skrifuðu blöðin: „Nú getur sjónvarpið pakkað niður Columbo, Kojak, McClaudmyndunum – hér kemur Ebbe Langberg.“

Keflavík fær jólatré frá Kristinsand

■ Föstudaginn 14. desember kl. 17.00 verða tendruð ljós á jólatré því sem Kristinsand, vinabær Keflavíkur í Noregi, gefur Keflavíkum. Björn Eiden, fyrsti sendiráðsritari norska sendiráðsins, afhendir tréð. Hilmar Pétursson, formaður bæjarráðs, veitir því viðtöku.

Lúðrasveit tónlistarskólans í Keflavík leikur undir stjórn Jónasar Dagbjartssonar og kór Keflavíkurkirkju syngur jólalög undir stjórn Siguróla Geirssonar. Að lokum koma jólasveinar í heimsókn.

Kveikt á jólatré í Garðabæ

■ Garðabæ hefur borist fallett jólatré frá vinabæ þegarinn Asker í Noregi. Kveikt verður á trénu við Garðaskóla v/Vífilsstaðaveg, sunnudaginn 16. desember kl. 15.00.

Dröfn Farestveit, varaforseti bæjarsjórnar, flytur ávarp. Barn úr hópi viðstaddra verður beðið um að kveikja á trénu. Garðakórinn syngur jólalög.

Jólasveinar koma og bregða á leik og á eftir er boðið upp á smáveitingar.

Norræna félagið í Garðabæ

Áramótaferð Útivistar í Þórs- mörk

■ Farin verður fjögurra daga ferð um áramótin í Þórsörk. Brottfor er laugardaginn 29. desember kl. 8.00. Gist verður í hinum vistlega Útivistarskála í Básum. M.a. verða gönguferðir, kvöldvökur, áramótabrenna og blysför. Fararstjórnarverða Kristján M. Baldursson og Bjarki Harðarson. Upplýsingar og farmiðar á skrifstofunni Lækjargötu 6a, sími er 14606 (símsvari). Farmiðar óskast sóttir í síðasta lagi 21. des. Ath. Útivist notar allt gistirými í Básum um áramótin.

Hvammstanga- kirkja

■ Adventukvöld verður sunnudaginn 16. desember kl. 20.30 í Hvammstangakirkju, en barnagudsþjónusta kl. 11.00.

Jólasöfnun Hjálpræðishersins: Laugardags- söfnunin rennur til Eþíópíu

■ Jólasöfnun Hjálpræðishersins laugardaginn 15. desember rennur til hjálparstarfsins í Eþíópíu.

Eins og vegfarendur hafa séð eru jólapottar Hjálpræðishersins komnir út á götur í Reykjavík, Akureyri og á Ísafirði. Margir hafa þegar lagt sinn skerf í jólapottinn og má segja að söfnunin gangi nokkuð vel miðað við undanfarnin ár.

Vegna þeirrar miklu neyðar, sem ríkir í Eþíópíu, hefur Hjálpræðisherinn ákveðið að allt það fé, sem safnast í jólapotta hans laugardaginn 15. desember skuli óskert varið til hjálparstarfsins í Eþíópíu. Hjálpræðisherinn hefur ákveðið að afhenda Hjálparstofnun kirkjunnar það sem safnast inn. Frá Hjálpræðishernum í Noregi hefur frést, að þar muni einng vera safnað 15. desember og féð látið renna til „Kirkens Nödhjelp“. Hjálpræðisherinn treystir því, að Íslendingar sjái til þess að það sjóði vel í jólapottum Hjálpræðishersins hér á landi laugardaginn 15. desember svo vel safnist til hjálparstarfsins í Eþíópíu.

Sunnudagsferð Fí

■ Sunnudaginn 16. desember fer Ferðafélag Íslands í dagsferð kl. 13.00. Gengið verður á Helgafell (338 m) við Hafnarfjörð, sem talið er stutt og létt gönguferð.

Brottför verður frá Umferðarmiðstöðinni, austanmegin. Farmiðar við bíl. Fritt fyrir börn í fylgd fullorðinna.

Fjölskyldusam- koma á Hótel Borg

■ Landsamtökin Líf og land gangast fyrir fjölskyldusamkomu á adventu á Hótel Borg Laugardaginn 15. desember kl. 15.00. Tilgangur þessarar samkomu er að minna á boðskap jólaanna og gefa fólki í jólaundirbúningi kost á að koma saman með börnum sínum, syngja og hlýða á jólasögu.

Stjórnandi samkomunnar verður dr. Gunnar Kristjánsson, prestur á Reynivöllum í Kjós. A samkomunni mun Mótettukórinn syngja undir stjórn Harðar Áskelssonar. Herdis Þorvaldsdóttir leikona les jólasögu og auk þess mun Hörður Áskelsson leiða fjölda- söng.

Aðgangur er ókeypis.

Áramótaferð Fí í Þórsörk

■ Ferðafélag Íslands fer í fjögurra daga ferð í Þórsörk um áramótin. Brottfor er kl. 08.00 á laugardaginn 29. desember og til baka þriðjudaginn 1. janúar.

Dvalið verður í Skagafjörðsskála í Þórsörk, en þar er hin besta aðstaða, svefnpláss í 4-8 manna herbergjum, miðstöðvarhitun og rúmgóð setustofa.

Farmiðasala og allar upplýsingar á skrifstofu FÍ Öldugötu 3. Ath. að það er takmarkaður sætafjöldi.

Ferðafélagið notar allt gistirými sitt í Þórsörk um áramótin fyrir sína farþega.

Jólagleði og aðalfundur

■ Félag dönskukennara heldur aðalfund og jólagleði í Norræna húsinu föstudaginn 14. desember kl. 20.30.